

Paulinn 2023 - Fullorðnir

Laufáshnjúkur

Laufáshnjúkur er 662 m hár.

Leiðin liggur áleiðis til Grenivíkur. Ekið er þar til komið er á móts við kirkjustaðinn Laufás er farið inn á afleggjara til hægri um hlið inn á malarplan á móts við fjárhúsin (rauð þök). Á því plani er hægt að leggja bílum. Af planinu er svo gengið í átt að loftnetsmastri sem er á ásnum og þaðan liggur stikuð gönguleið upp á hnjúkinn. Einnig er hægt að leggja bílum við Laufás og ganga yfir veginn að slóða sem þar er. Gangan á fjallið er nokkuð auðveld en þó er síðasti hlutinn nokkuð brattur. Þegar komið er á hnjúkinn er mjög gott útsýni yfir Höfðahverfið, út Eyjafjörðinn og fram í Eyjafjarðardali. Sama leið er farin til baka.

Nauðsynlegt er að vera í góðum skóm og klæða sig eftir veðri. Hafa vatn með og gott nesti til að gæða sér á. Göngustafi getur verið gott að hafa með ef fólk er vant að nota þá.

Gengin er sama leið til baka.

Vegalengd báðar leiðir er 6,5 km. Gönguhækkun er 630 m.

Göngutími er áætlaður 4 - 6 klst.